

**Sp. 513. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]**

um að reisa vita á Geirfugladrangi.

Flm.: Pétur Ottesen, Karl Guðjónsson, Halldór Ásgrímsson, Magnús Jónsson, Sveinbjörn Högnason, Jón Kjartansson, Karl Kristjánsson og Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera í samráði við vitamálastjóra ráðstafanir til þess, að reistur verði svo fljótt sem við verður komið viti á Geirfugladrangi.

**Greinargerð.**

Umhverfis Geirfugladrang eru aflasæl og fjölsótt fiskimið, auk þess sem drangurinn er á siglingaleið flutningaskipa. Er því nauðsynlegt til öryggis að reisa vita á þessum stað og yrði þar einnig komið fyrir radiomerkjum. Er hér um að ræða öryggisráðstöfun, sem brýna nauðsyn ber til að hrundið verði í framkvæmd sem allra fyrst.